

Matís ohf.

Ársreikningur 2009

Efnisyfirlit

	bls.		bls.
Skýrsla stjórnenda	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Félagið var stofnað á árinu 2006 þegar starfsemi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknna Keldnaholti, sbr. samstarfssamning milli Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskólans og Rannsóknarstofu Umhverfisstofnunar, var sameinuð. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis.

Á árinu var dótturfélag Matís ohf., Iceprotein ehf., selt að hluta til FISK Seafood hf. sem á nú 64% en Matís ohf. 36% hlut. Enginn rekstur var hjá dótturfélaginu Prokaría ehf. á árinu 2009.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2009 að fjárhæð 29,7 m.kr samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember 2009 námu eignir félagsins 580,2 m.kr. og bókfært eigið fé félagsins í árslok nam 212,1 m.kr samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2010 vegna ársins 2009, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Hlutfé félagsins nemur 150 m.kr. og er allt í eigu ríkisins.

Stjórn Matís ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. júní 2010

Stjórn:

[Handwritten signatures of the Board members]
 Hólmsteinn L. Þorvaldsson
 Ólafur Þorvaldsson
 Þórunn Þorvaldsson

Forstjóri:

[Handwritten signature of the CEO]
 Sigrún Sigrúnsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja og innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Matís ohf. á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 22. júní 2010



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi



Karlotta B. Aðalsteinsdóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur:			
Seld þjónusta		1.151.000.534	1.002.673.755
		<u>1.151.000.534</u>	<u>1.002.673.755</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og tengd gjöld	1	639.690.986	650.250.827
Annar rekstarkostnaður		487.422.486	363.646.537
		<u>1.127.113.472</u>	<u>1.013.897.364</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		23.887.062	(11.223.609)
Fjármunatekjur	2	13.645.321	28.734.549
Áhrif dótturfélaga		<u>0</u>	<u>4.987.919</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		37.532.383	22.498.859
Tekjuskattur		<u>(7.790.688)</u>	<u>(3.616.724)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>29.741.695</u></u>	<u><u>18.882.135</u></u>
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	3	<u>0,20</u>	<u>0,13</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:			
Hugbúnaður		26.384.697	25.470.022
Einkaleyfi		285.859	140.743
	4	<u>26.670.556</u>	<u>25.610.765</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Rannsóknartæki		179.712.580	168.702.887
Áhöld og tæki		4.073.295	3.958.587
Innréttingar		5.821.539	0
	5	<u>189.607.414</u>	<u>172.661.474</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutur í dótturfélagi		500.000	1.000.000
Eignarhlutir í öðrum félögum		9.960.000	600.000
		<u>10.460.000</u>	<u>1.600.000</u>
Fastafjármunir		<u>226.737.970</u>	<u>199.872.239</u>
Veltufjármunir:			
Verk í vinnslu		0	27.820.907
Vörslusjóður vegna verkefna		30.541.676	90.248.974
Viðskiptakröfur		135.204.660	119.886.870
Kröfur á tengd félög		7.740.493	8.692.405
Fyrirframgreiddur kostnaður		1.306.309	2.024.050
Aðrar skammtímakröfur		8.707.795	0
Handbært fé		169.965.357	138.229.851
Veltufjármunir		<u>353.466.290</u>	<u>386.903.058</u>
Eignir alls		<u><u>580.204.257</u></u>	<u><u>586.775.297</u></u>

31. desember 2009

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
Eigið fé:			
Hlutfé	9	150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur		4.948.160	4.948.160
Annað eigið fé		57.149.209	27.407.514
Eigið fé 10		<u>212.097.369</u>	<u>182.355.674</u>
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	11	11.679.642	4.989.307
		<u>11.679.642</u>	<u>4.989.307</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		<u>0</u>	<u>7.435.855</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		88.385.292	77.799.993
Næsta árs afborganir langtímaskulda		7.610.513	14.871.709
Fyrirfram innheimtar tekjur		125.190.714	105.823.047
Vörslusjóður verkefna		32.700.486	85.373.405
Aðrar skammtímaskuldir		102.540.241	108.126.306
		<u>356.427.246</u>	<u>391.994.460</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>368.106.888</u>	<u>404.419.622</u>
Eigið fé og skuldir alls			
		<u>580.204.257</u>	<u>586.775.297</u>

Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		29.741.695	18.882.136
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	63.047.076	47.096.468
Áhrif dótturfélaga		0 (	4.987.919)
Verðbætur langtímalána		0	2.999.659
Breyting á tekjuskattsskuldindingu		6.690.334	4.485.344
Veltufé frá rekstri		<u>99.479.105</u>	<u>68.475.688</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Verk í vinnslu, lækkun (hækkun)		27.820.907 (	19.898.389)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		36.399.454 (	32.469.643)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(35.567.210)	58.862.336
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>28.653.151</u>	<u>6.494.304</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>128.132.256</u>	<u>74.969.992</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(81.052.806) (	141.416.455)
Fjárfesting í öðrum félögum		(8.860.000) (	300.000)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(89.912.806)</u>	<u>(141.716.455)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Yfirverð hlutafjár		0 (	5.000.000)
Afborganir langtímalána		(7.435.855) (	9.389.087)
Kröfur á tengd félög		951.912 (	1.253.105)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(6.483.943)</u>	<u>(15.642.192)</u>
Hækkun / (lækkun) á handbæru fé		31.735.507 (	82.388.655)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>138.229.852</u>	<u>220.618.508</u>
Handbært fé í árslok		<u>169.965.357</u>	<u>138.229.852</u>

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

Erlendir gjaldmiðlar

- b. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags. Áfallnar verðbætur eru reiknaðar og færðar í ársreikninginn miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2009.

Hreinn fjármagnskostnaður

- c. Hreinn fjármagnskostnaður samanstendur af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði vegna lána sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

Innlausn tekna

- d. Tekjur af sölu eru færðar þegar varan hefur verið afhent og eignarréttur og ábyrgð flyst yfir á kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- e. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna, er eignfærður þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rannsóknartæki	3 ár
Áhöld og tæki	3 - 5 ár
Innréttingar	5 ár

Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum

- f. Eignarhlutur í dótturfélagi og öðrum félögum er eignfærður á kaupverði.

Vörslusjóður vegna verkefna

- g. Vörslusjóður vegna verkefna er tilkominn vegna verkefnastjórnunar erlendra verkefna. Staðan miðast við eftirstöðvar styrkfjárhæða að teknu tilliti til gengis.

Handbært fé

- h. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

Tekjuskattsskuldbinding

- i. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutthöll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

Skýringar, frh.:

Laun og launatengd gjöld

1. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2009	2008
Laun	519.957.086	527.578.672
Launatengd gjöld	119.733.900	122.672.155
Laun og launatengd gjöld alls:	639.690.986	650.250.827
Starfsmenn í lok árs	93	96
Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu 28,7 m.kr.á árinu.		

Fjármagnsliðir

2. Fjármagnsliðir greinast þannig:		
Fjármunatekjur	11.021.030	22.610.529
Fjármagnsgjöld	(930.073)	(7.647.080)
Gengismunur	3.554.364	13.771.101
	13.645.321	28.734.549

Hagnaðarhlutur

3. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu:		
Hreinn hagnaður.....	29.741.695	18.882.135
Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu.....	150.000.000	150.000.000
Hagnaðarhlutur	0,20	0,13

Óefnislegar eignir

4. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum hugbúnaði og útlögðum kostnaði við að öðlast einkaleyfi.

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2009	168.246	30.067.681	30.235.927
Keypt á tímabilinu	175.435	6.142.692	6.318.127
Heildarverð 31.12.2009	343.681	36.210.373	36.554.054
Afskrifað 1.1.2009	27.503	4.597.659	4.625.162
Afskrifað á tímabilinu	30.319	5.228.017	5.258.336
Afskrifað 31.12.2009	57.822	9.825.676	9.883.498
Bókfært verð 31.12.2009	285.859	26.384.697	26.670.556
Afskriftahlutföll	25%	20%	

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rannsóknartæki	Áhöld og tæki	Innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.1.2009	237.994.679	8.508.291	0	246.502.970
Keypt á tímabilinu	65.585.209	3.229.262	5.920.209	74.734.680
Heildarverð 31.12.2009	303.579.888	11.737.553	5.920.209	321.237.650
Afskrifað 1.1.2009	69.291.792	4.549.703	0	73.841.495
Afskrifað á tímabilinu	54.575.516	3.114.554	98.670	57.788.740
Afskrifað 31.12.2009	123.867.308	7.664.257	98.670	131.630.235
Bókfært verð 31.12.2009	179.712.580	4.073.296	5.821.539	189.607.415
Afskriftahlutföll	20-30%	20-30%	20%	

6. Afskriftir greinast þannig:

Óefnislegar eignir	5.258.336
Varanlegir rekstrarfjármunir	57.788.740
	<u>63.047.076</u>

Fasteignarmat og vátryggingaverð

7. Vátryggingarverð í árslok 2009 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna	576.602.000
--	-------------

Rekstrarleigusamningar

8. Félagið er með rekstrarleigusamning vegna bifreiðar sem lýkur 05.07.2010

Eigið fé

9. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 m.kr. og er það allt í eigu Ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

10. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2009	150.000.000	4.948.160	27.407.513	182.355.673
Hagnaður ársins			29.741.695	29.741.695
Eigið fé 31.12.2009	150.000.000	4.948.160	57.149.208	212.097.368

Tekjuskattsskuldbinding

11. Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2009	4.989.307
Reiknaður tekjuskattur	6.921.725
Leiðrétt skuldbinding í ársbyrjun	868.963
Tekjuskattur til greiðslu	(1.100.353)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	11.679.642

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Varanlegir rekstrarfjármunir	10.462.799
Viðskiptakröfur	1.216.842
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	11.679.641